



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 31. Október 2023.

Fundur hófst: 20:15

Fundi slitið: 22:15

Fundinn sátu: Markús, Daniel, Helga Veronica og Rán.

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Frestað til næsta fundar vegna tæknilegra örðuleika.

2. Æfingar, talsmáti og framkoma

- a. Helga Veronica vakti athygi á því að í einhverjum tilfellum samræmist framkoma og talsmáti þjálfara Þyts ekki viðmiðum ÍSÍ um barnastarf og að það þurfi að laga. Jafnframt var bent á að einhver barnanna upplifi mikinn fókus á það neikvæða og skort á jákvæðri endurgjöf.
- b. Samþykkt að boða foreldra til fundar með stjórn og þjálfara, til þess að fara yfir málin, fá allar hliðar og hefja úrbætur á málinu á föstudaginn 04.11.2023 kl. 20:00.

3. Skil á gögnum til Hafnarfjarðarbæjar

- a. Securitas kom og fór yfir brunakerfi og slökkvitæki en ljós kom að gera þarf við slönguna og fá pípara í það verkefni. Markús þegar búinn að hafa samband við pípara sem kemst vonandi fljótt í verkið og Securitas þarf svo að staðfesta að allt sé komið í lag til að hægt sé að skila því inn til Hafnarfjarðarbæjar.
- b. Búið er að skila fjárhagsáætlun en verið var að óska eftir því frá Hafnarfjarðarbæ að fá tölur yfir iðkendur á sumarnámskeiðum. Markús ætlar að skila þeim tölum inn en þær eru allar í Sportabler.

4. Starfið framundan

- a. Undirbúningur fyrir veturinn. Taka þarf niður segl og koma bátum í sem best skjól sem og að raða bátum þannig að þeir sem eru mest notaðir á vetrarmánuðum séu aðgengilegastir.
- b. Viðhald báta. Klára þarf viðgerð á Secret, smíða þarf árabáta sem henta starfinu betur, smíða mót fyrir kayak svo hægt sé að gera fleiri kayka. Gera þarf við pulsu á öryggisbát en stjórn samþykkur að fá tilbð frá Bretlandi í nýja pulsu en svo þarf einnig að gera við skrokk.
- c. Útbúa þarf grindur fyrir mest notuðu bátana svo hægt sé að geyma þá inni.
- d. Mála þarf kaffistofu og athuga möguleikan á að sipta um innréttingu. Það er til lítil uppþvottavél og kælir sem væri þá komið inn á kaffistofuna sem myndi þá bæta verulega aðstöðu starfsmanna sérstaklega en einnig félagsmanna.
- e. Upp kom sú hugmynd að skoða möguleikann á því hvort að betra sé að skipta um gólfefni á sal uppi í stað þess að þússa upp viðarparketið.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- f. Virkja þarf félagsmenn og fá fólk í að halda utan um stök verkefni.
- 5. Fundur með Jamie**
 - a. Markús og Þura ætla að fara á fund með Jamie til að ræða greiðslu/ Styrk frá Controlant.
- 6. Mönnun stjórnar á næsta starfsári**
 - a. Umræður um mönnun stjórnar á næsta ári.
- 7. Subaruinn**
 - a. Samþykkt að greiða reikning fyrir viðhald og viðgerð á honum en Markusline hefur þegar lagt út fyrir viðgerðinni.
- 8. Önnur mál**
 - a. Engin önnur mál rædd